

Fundargerð stofnfundar

Miðvikudaginn, 18 apríl 2012 var haldinn stofnfundur eRótarý Ísland í sal Café Meskí í Skeifunni. Klúbburinn er hugsaður fyrir ungt fólk sem virkt er í þjóðfélaginu með áherslu á að nýta nútímataekni til fundarhalda.

Til fundarins voru boðaðir verðandi stofnfélagar og Rótarý klúbb félagar úr Rótarýklúbbnum Reykjavík-Miðborg, Rótarýklúbb Reykjavík-Árbær og Reykjavík-Grafarvogur, en þeir klúbbar hafa unnið að stofnun klúbbsins og þannig stutt undirbúningshóp hins nýja klúbbs.

Fundinn sátu A. Agnes Gunnarsdóttir, Bragi Smith, Ragnheiður Björgvinsdóttir, Brynjólfur Helgason Rótarýklúbbnum Reykjavík-Miðborg, Kristinn Pálmason, Andri Árnason, Eiríkur Jensson, Kristján Leifsson, Birna María Björnsdóttir, Tryggvi Pálsson umdæmisstjóri Rótarý, Gísli Ívarsson Rótarýklúbbnum Reykjavík-Árbær, Björn Jakob Björnsson, Sif Traustadóttir, Iða Brá Benediktsdóttir, Hulda Bjarnadóttir, Guðmundur Ingólfsson, Sesselía Ómarsdóttir, Anton Máni Svansson.

Fundur settur

A. Agnes Gunnarsdóttir setti fundinn og skýrði í stuttu máli frá aðdraganda og stofnun hins nýja klúbbs. Guðmundur Ingólfsson stýrði fundinum ásamt Agnesi og Hulda Bjarnadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar

Agnes kynnti dagskrá fundarins og fór yfir þau dagskráratriði sem yrði að kjósa um á fundinum til að klúbburinn hlyti brautargengi innan Alþjóðasamtaka Rótarý (Rótarý International).

Nafngift

Guðmundur fór yfir þau skilyrði og viðmið sem eru viðhöfð innan Alþjóðasamtaka Rótarý. Nafnatillögur voru eftirfarandi:

- a. eRótarý Reykjavík
- b. eklúbburinn Reykjavík
- c. eRótarý Ísland
- d. eklúbburinn Ísland

Eftir umræður voru tillögurnar fjórar bornar upp til atkvæða og hlaut tillaga C. eRótarý Ísland flest atkvæði með handuppréttingu.

Fundartími

Agnes fór yfir fundartímatillögur fyrir hina nýja klúbb og voru tvær tillögur bornar upp til atkvæða.

- a. Fimmtudagar klukkan 12:00-13:00
- b. Fimmtudagar klukkan 08:30-09:30

Tillaga a. hlaut flest atkvæði með handauppréttingu og verða fundir hins nýja klúbbs haldnir á fimmtudögum í hádeginu.

Staðsetning

Undirbúningshópurinn hefur ákveðið að færa fundina frá Café Meskí og er tilboð væntanlegt frá Reykjavík Natura Icelandair Hotel (gamla Hótel Loftleiðir). Einnig var fundargestum gefinn kostur á að koma með tillögur á miðum sem dreift var. Fundarstaður verður því ákveðinn á næstunni.

Lög

Guðmundur fór yfir grundvallarlög og sérlög Rótarý. Í grunninn fjalla lögum um það hvernig við berum okkur að við stofnun klúbbsins og við almenna framkvæmd.

Guðmundur lagði fram tillögu að grundvallar lög eRótarý Ísland yrðu samþykkt og var það gert með einróma með handauppréttingu.

Guðmundur lagði fram tillögu að sérlög eRótarý Ísland yrðu samþykkt og var það gert með einróma með handauppréttingu.

Stjórn

Framboð höfðu borist í stjórn hins nýja klúbbs að undanskildu hlutverki Stallara og skoðunarmanna reikninga. Iða Brá fór yfir framboðin og falaðist eftir framboðum í hlutverk Stallara og skoðunarmanna. Þau framboð bárust og hlutu öll embættin einróma kosningu í framhaldinu. Hina nýju embætti eRótarý Íslands skipa:

Forseti	A. Agnes Gunnarsdóttir
Ritari	Hulda Bjarnadóttir
Verðandi forseti	Perla Björk Egilsdóttir
Gjaldkeri	Eiríkur Magnús Jenson
Varaforseti	Guðmundur Ingólfsson
Stallari	Kristján Leifsson

Skoðunarmenn reikninga - Björn Jakob Björnsson og Sif Traustadóttir

Næstu fundir

26. apríl klukkan 17:00-19:00 heimsókn til sendiherra Bandaríkjanna, Luis E. Arreaga.

3. maí klukkan 12:00-13:00, fræðslufyrirlestur – Jón G. Hauksson ritstjóri

Annað

Tillaga kom fram um að hver og einn kæmi með tillögu að tveimur fyrirlesurum þannig að dagskrá myndi raðast þægilega niður.

Tryggvi Pálsson kynnti í framhaldinu ólíkt fyrirkomulag hvers Rótarý klúbbs og muninn á starfsemi annarra félagasamtaka s.s. Kiwanis, Oddfellow o.fl. Þá fór hann yfir mikilvægi þess að grípa málefnið sem eru hverju sinni og fá erindi tengt því. Einnig benti hann á að það væri

viðmið innan Rótarý að hver félagi kynni sig, sitt starf og viðfangsefni tvisvar sinnum á starfsári. Tryggvi lagði jafnframt til að hópurinn myndi markvisst heimsækja Árbæ, Miðborgina og Grafarvoginn í þeim tilgangi að kynna sér dagskrá og framsetningu hvers klúbbs.

Gísli Ívarsson óskaði hópnum til hamingju og lagði það til að við fengjum Rótaract til að koma og vera með kynningu á ferð til Inlands þar sem þau tóku með beinum hætti þátt í bólusetningarátaki Rotary International við lómunarveiki.

Agnes þakkaði í lokin alla aðstoð sem klúbburinn hafði hlotið í aðdragandanum og við stofnun hans. Stofnun klúbbsins var fagnað með lófataki.

Fundi slitið kl. 13:00

f.h. stjórnar eRótarý Ísland
Hulda Bjarnadóttir